

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## sandblástur og skylda starfsemi

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur sandblásturverkstæðis og skylda starfsemi.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

### 2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Halda skal húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulegs- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.	737/2003 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3	Óheimilt er að geyma lausafjarmuni s.s. ónýtar vélar og vélarhluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.	737/2003	
2.4	Búnaður eða lausamunir sem tilheyra rekstri skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusræði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fohættu, slyshættu eða það sé til lýta í umhverfi.	737/2003	
2.5	Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda.	112/2012	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Sandblástur skal fara fram innandyra eða í þar til gerðu skýli. Tryggt skal með viðeigandi hreinsibúnaði á útblæstri að ryk berist ekki út og valdi nágrönnum og umhverfi skaða eða óþægindum. Staðsetning útblástursops skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.2	Heilbrigðisnefnd getur heimilað tímabundið að sandblástur fari fram utandyra ef aðstæður krefja enda skal þá tryggilega frá því gengið að starfsemin sé skermuð af. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir því að ryk berist ekki út fyrir hið afskermaða svæði.	550/2018 og rgl. nr. 787/1999	
3.3	Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að takmarka hávaða frá starfseminni eins og kostur er og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.4	Nota skal viðeigandi búnað, t.d. gúmmípúða og mottur, til að dempa hávaða.	724/2008	
3.5	Allar vélar og tæki og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð rekstraraðila og þannig frá því gengið að ekki valdi óþægindum fyrir nágranna né sé til lýta. Sama gildir um hluti sem rekstraraðili tekur í vinnslu.	sbr. ákvæði 2.1 og 2.2 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	
3.6	Á fráveitulögn skal vera sandfang.	798/1999	
3.7	Á fráveitulögn frá rýmum þar sem háþrýstiþvottur fer fram skal koma fyrir olúgildru.	798/1999	
3.8	Frá öllum sandi (notuðum sem ónotuðum) skal þannig frá gengið að ekki sé hætt á að hann fjúki (t.d. að geyma hann í sandsílóum eða byrgðum þróm).	550/2018 og rgl. nr. 787/1999	
3.9	Þar sem sprautun og lökkun fer fram skal vera viðeigandi síubúnaður á útblásturslofti og það leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur.	787/1999	

## 4. ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðisnefndar.	737/2003 11., 17. og 18. gr.	
4.2	Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Um úrgang fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.3	Rekstraraðili skal eftir fremsta megni draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.	806/1999 5. gr.	
4.4	Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.	806/1999 8. gr., rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5	Úrgangssandi skal fargað í samráði við heilbrigðisnefnd.	737/2003	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.